

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 2007 í máli nr. E-1784/2007:

Sigurður Ingi Halldórsson

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Fons Eignarhaldsfélagi hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 14. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Inga Halldórssyni, Langagerði 62, Reykjavík á hendur Fons Eignarhaldsfélagi hf., Suðurgötu 22, Reykjavík, með stefnu birtri 6. mars 2007.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 21.150.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. september 2005 til greiðsludags.

Til vara að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 16.450.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. september 2005 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskostnaður.

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Í þessum þætti málsins verður krafa stefnda um frávísun málsins tekin til úrskurðar. Stefnandi krefst þess að þeirri kröfu verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður að skaðalausni að mati dómsins.

Málavextir.

Með bréfi lögmanns Iceland Express Investment hinn 6. júní 2005 var stefnanda tilkynnt um innlausn félagsins á hlutum stefnanda og annarra hluthafa á grundvelli 16. gr. laga nr. 138/1994.

Með bréfi stefnanda 1. júlí 2005 tilkynni hann, að hann myndi ekki sætta sig við innlausnarverðið en óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna af hálfu félagsins sbr. 16. gr. laga nr. 138/1994. Matsbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur lá fyrir 20. júlí 2005.

Með bréfi, dags. 16. ágúst 2005, bauð stefnandi, ásamt hluthöfunum, Guðmundi Þór Guðmundssyni og Aðalsteini J. Magnússyni, til lausnar ágreiningi um innlausnarverðið, að Ísland Express yrði í heild metið á 2,2 milljarða.

Með bréfi 29. ágúst 2005 hafnaði lögmaður Iceland Express Investment þessari nálgun varðandi verðmat Ísland Express og ítrekaði fyrri rökstuðning sinn fyrir þegar boðnu innlausnarverði. Sama dag tilkynnti lögmaður Iceland Express Investment stefnanda um geymslugreiðslu innlausnarverðs hluta stefnanda.

Hinn 16. september 2005 var gengið frá samningi milli Iceland Express Investment, nefndur kaupandi, og þeirra Jóns Bjarna Þórðarsonar, Hákonar Sigurðssonar, Ráðhúss ehf., Guðríðar Einarsdóttur, Helga Baldvinssonar, Guðmundar Þórs Guðmundssonar, Aðalsteins J. Magnússonar, Sigurðar I. Halldórssonar, Gísla V. Halldórssonar, Guðnýjar Eiríksdóttur og Ólafs Haukssonar, nefndir seljendur. Í samningi þessum var lagt til grundvallar að heildarverðmæti Ísland Express væri 1.100 milljónir króna. Samtals voru greiðslur til allra kaupenda 81.400.000 kr. og kaupverðið skyldi inna af hendi eigi síðar en í lok dags mánudaginn 19. september 2005. Gekk það eftir.

Hinn 23. mars 2006 lagði stefnandi, ásamt Aðalsteini J. Magnússyni og Guðmundi Þór Guðmundssyni, fram matsbeiðni í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir að matsmenn létu í té ítarlega, rökstudda og skriflega álitserð um hvað mætti ætla að hefði „verið sanngjarnt og eðlilegt verðmæti einkahlutafélagsins Ísland Express ehf. hinn 16. sept. 2005“. Til að framkvæma matið voru kvaddir Heimir Haraldsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorsteinn Siglaugsson, fjármálaráðgjafi. Matsgerðin er frá 3. nóvember 2006 og var það niðurstaða matsmanna „að verðmæti allra hluta í einkahlutafélaginu Ísland Express ehf. hafi verið 1.800 milljónir króna á matsdegi, þann 16. september 2005“.

Í kjölfar niðurstöðu matsgerðarinnar óskaði lögmaður stefnanda eftir samningaviðræðum um leiðréttingu söluverðs í samræmi við fyrirbyggjandi mat. Þar sem slíkar umleitanir báru ekki árangur var mál þetta höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir frávísun málsins.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun á því að málatilbúnaður stefnanda samrýmist hvorki 18. né 80. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Í fyrsta lagi telur stefndi að stefnandi geti ekki einn höfðað mál til heimtu hærra verðs fyrir þá hluti, sem Iceland Express Investment leysti til sín með samningi við hluthafa Ísland Express hinn 16. september 2005.

Stefnandi hafi ásamt fimm öðrum hluthöfum sameiginlega krafist innlausnar hluta sinna á grundvelli ákvæða laga um einkahlutafélög. Þeir hafi jafnframt óskað eftir því að samið yrði um innlausnarverðið. Næðist ekki samkomulag áskildu þeir sér rétt til að krefjast mats á verðmæti hluta sinna. Beðið var um dómkvaðningu matsmanna. Aður en til mats kom kusu allir hluthafar Ísland Express, sem innlausnarrétt höfðu öðlast á hendur Iceland Express Investment, að semja sameiginlega um verð og aðra skilmála innlausnarinnar og framsals hluta þeirra í Ísland Express til Iceland Express Investment. Verðákvörðunin var ein og óskipt gagnvart öllum innlausnarréttar hluthöfunum, sem jafnframt féllu sameiginlega frá þeim lögboðna rétti sínum að krefjast mats á verðmæti hluta sinna og lýstu því jafnframt yfir sameiginlega að allur ágreiningur aðila um verðmæti hlutaeignar í Ísland Express væri fallinn niður. Af þessu leiðir að einstakir aðilar samningsins frá 16. september 2005 geta ekki síðar krafist annarra og hærri greiðslna sér til handa fyrir innlausnarhlutina. Stefndi heldur því fram að til breytinga á samningum frá 16. september 2005 þurfi aðild allra þeirra sem hann bindur. Með innlausnarsamningnum frá 16. september 2005 var bundinn endi á allan ágreining milli hlutahafa í Ísland Express um verðmæti innlausnar hlutanna. Eigi að breyta samningi að hluta til eða öllu leyti með atbeina dómstóla þarf samaðild þeirra að viðkomandi dómsmáli, sem samningurinn bindur. Á það skortir í þessu máli og ber því að vísa málinu frá dómi á grundvelli 1. sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Í annan stað byggir stefndi frávísunarkröfu sína á því, að stefna málsins sé ekki í samræmi við ákvæði 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefnan sé 16 tölusettar blaðsíður. Af þeim fari 13 blaðsíður í lýsingu málavaxta, málsástæðna og lagaraka. Að stærstum hluta sé þessum 13 blaðsíðum varið í lýsingu málsatvika og málsástæðna, sem feli því í sér skriflegan málflutning. Skriflegur málflutningur er andstæður e lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Ákvæði þetta býður að lýsing málsatvika og málsástæðna í stefnu skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið sé.

Stefndi bendir á að þrátt fyrir allt þetta skrifæði í stefnu, eða kannski vegna þessa, sé með öllu óljóst af stefnunni hvert sakarefni máls þessa sé í raun og veru. Þannig lýtur kröfugerð stefnanda að því að fá stefnda dæmdan til að greiða aðallega 21.150.000 kr. en til vara 16.450.000 kr. Ekkert er vikið að því í kröfugerðinni að stefnandi vilji fá vikið til hliðar að nokkru eða öllu samningi hans og Iceland Express Investment frá 16. september 2005. Allar málsástæður og lagarök stefnanda ganga hins vegar út á að samningnum verði að hluta vikið til hliðar, en stefnandi byggir málssókn sína á því að samningurinn frá 16. september 2005 hafi verið ósanngjarn og/eða andstæður góðri viðskiptavenju. Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar stefnandi svo einkum til 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Kröfur stefnanda lúta, eins og fyrr segir, ekki að því að víkja samningnum frá 16. september 2005 til hliðar að nokkru eða öllu leyti, heldur að greiðslu tiltekinna fjárhæða byggðum á matsgerð dómkvaddra matsmanna. Ekki kemur fram í stefnu hvort hér er um skaðabætur innan samninga að ræða eða gjaldfallna skuld. Sé mið tekið af kröfu stefnanda um upphafstíma dráttarvaxta mætti ætla að stefnandi teldi kröfu sína samningsbundna kröfu með fyrir fram ákveðnum gjalddaga, sem hún er ekki.

Stefndi hafnar því að úr þessum ágöllum á málatilbúnaði stefnanda verði bætt með breyttri kröfugerð. Stefndi telur að vísa eigi máli þessu frá dómi, sbr. 80. gr. laga nr. 91/1991, fari svo ólíklega að dómur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsyn samaðildar.

Málsástæður og lagarök stefnanda gegn frávisun málsins.

Af hálfu stefnanda er frávisunarkröfu stefnda hafnað. Stefndi telur að ekki sé nauðsynlegt að allir seljendur félagsins séu aðilar að dómsmáli þessu. Hann leggur áherslu á það að samningurinn frá 16. september 2005 sé kaupsamningur, en ekki samningur um innlausn. Stefndi heldur því fram að honum sé heimilt að selja sinn eignarhluta í félaginu og einnig að höfða dómsmál út af þeirri sölu án þess að aðrir seljendur þurfi að vera aðilar að dómsmálinu. Með kröfugerðinni sé stefndi að krefjast leiðréttingar á samningnum í samræmi við niðurstöður matsgerðarinnar. Stefndi hafnar því að um óskipt réttindi allra seljenda samkvæmt samningnum sé að ræða. Þvert á móti liggi fyrir í 8. t. l. 1. mgr. 2. gr. samningsins frá 16. september 2005 að réttindin séu skipt en stefndi sé að selja sinn eignarhluta í félaginu, þ.e. 2.35% á 25.850.000 kr. Þeim eignarhluta var stefndi að afsala til viðsemjanda síns.

Þá hafnar stefndi því að málatilbúnaður hans fari í bága við 80. gr. laga um meðferð einkamála. Varðandi grundvöll dómkröfunnar segir stefndi að hann sé að gera kröfu um leiðréttingu á samningi og fordæmi sé að finna í Hrd. 1995:1175.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi gerir kröfu um greiðslu á tiltekinni fjárhæð og byggir hana á matsgerð dómkvaddra matsmanna. Ekki kemur fram í stefnu hvort um skaðabætur innan samninga sé að ræða eða skuld stefnda við stefnanda, eða hvers eðlis yfir höfuð krafa stefnanda sé. Sú skýring í munnlegum málflutningi að stefndi væri að krefjast leiðréttingar á samningi breytir hér engu. Að mati dómsins er grundvöllur málsins, svo sem hann er lagður í stefnunni, ekki svo skýr sem skyldi og fullnægir stefnan ekki skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 segir að nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta aðild. Vísa skuli máli frá „ef þeir sem eiga óskipt réttindi sækja ekki mál í sameiningu, að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem á ekki aðild að því“. Er því dómsins að meta hvort um óskipt réttindi sé að ræða og ef svo er hvort krafa sú sem höfð er uppi í málinu hafi áhrif á hagsmuni annarra seljenda í félaginu. Samkvæmt samningum frá 16. september 2005 er stefndi einn af ellefu aðilum sem nefndir eru seljendur. Þá hafa tveir aðrir seljendur höfðað samkynja mál. Í upphafi er rétt að líta til þess, að samningur aðila frá 16. september 2005 á rætur að rekja til þess, að stefndi ásamt fleiri hluthöfum í Ísland Express ehf. kröfðust innlausnar hjá Iceland Express Investment S.A., en það félag átti meira en 90% hluta í Iceland

Express ehf. Var það gert með bréfi 19. maí 2005. Vísuðu bréfitarar til 18. gr. laga nr. 138/1994. Þá kemur fram í bréfinu að ef ekki náist samkomulag um verðmæti félagsins vísist til 16. gr. og 4. mgr. 14. gr. sömu laga. Með samningnum frá 16. september var verið að semja um verðmæti félagsins en ágreiningur er með málsaðilum hvort um innlausnarsamning hafi verið að ræða eða kaupsamning. Samkvæmt 2. gr. samningsins er samkomulag um að heildarmat Iceland Express skuli verða 1.100 milljónir króna og samkvæmt 5. gr. samningsins er kveðið á um að allur ágreiningur aðila um verðmæti hlutareignar seljenda sé fallinn niður. Þegar litið er til orðalags samningsins telur dómurinn að til að breyta einstökum atriðum hans þurfi aðild allra samningsaðila hans að máli þessu. Krafa stefnanda hefur áhrif á verðmat félagsins og þar með á hagsmuni annarra seljenda. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu, sem og 2. tl. 130. gr. laga um meðferð einkamála, ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Stefán A. Svensson hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Úrskurðinn kveður upp Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sigurður Ingi Halldórsson, greiði stefnda, Fons Eignarhaldsfélagi hf. 120.000 kr., í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir